



Rvk. 7.apríl 2017

Sent til:

Benedikts Jóhannessonar, fjármála- og efnahagsráðherra

Kristjáns Þórs Júlíussonar, menntamálaráðherra

Óttars Proppé, heilbrigðisráðherra

Ályktun samþykkt af hjúkrunarráði Landspítala 04. apríl 2017.

Hjúkrunarráð Landspítala lýsir yfir áhyggjum vegna mönnunar hjúkrunarfræðinga á spítalanum

Er skortur á hjúkrunarfræðingum Landspítalanum einkamál spítalans?

Mikið álag hefur verið á spítalanum undanfarin ár en sérstaklega síðustu mánuði. Aðflæði hefur verið meira en spítalinn ræður við með þeim afleiðingum að bráðamóttökur eru yfirfullar af sjúklingum sem þurfa innlögn en komast ekki að. Rúmanýting á bráðamóttökum hefur undanfarnar vikur verið 150% og legudeildum 113%. Mælt er með því að meðal rúmanýting fari ekki yfir 85% svo hægt sé að bregðast við sveiflum í þjónustubörf og tryggja gæði. Það er ekki bara gæðum þjónustunnar sem er ógnað við þær aðstæður, því erfiðara verður að tryggja öryggi sjúklinga og starfsmanna við svo óviðunandi álag sem verið hefur. Fleiri sjúklingar liggja á legudeildum en mönnun reiknar með og húsrúm leyfir. Meðal hjúkrunarþyngd fer yfir æskilegt viðmið í hverjum mánuði.

Hjúkrunarþörf fer vaxandi í þjóðfélaginu en nýliðun hjúkrunarfræðinga er langt frá því að anna eftirspurn. Aukið fjármagn hefur verið veitt til að bæta flæði og efla öldrunarþjónustu. Þrátt fyrir góðar hugmyndir og vilja til að bæta við þjónustu gengur það treglega vegna skorts á hjúkrunarfræðingum. Illa gengur að manna deildir til að halda þeim opnum. Legurýmum á spítalanum hefur fækkað undanfarna mánuði, aðgerðum hefur ítrekað verið frestað og við horfum fram á umfangsmeiri sumarlokanir en áður, þrátt fyrir að spítalinn sé nú þegar yfirfullur. Hörgull er á úrræðum utan spítalans þar sem hjúkrunarfræðinga vantar á önnur þjónustustig, eins og heimahjúkrun.

Í 5 ára fjárhagsáætlun fjármálaráðuneytisins er mikil áhersla lögð á uppbyggingu í heilbrigðiskerfinu, einkum öldrunarþjónustu. Er þar meðal annars talað um fjölgun hjúkrunarrýma með byggingu hjúkrunarheimila. Hjúkrunarráð spyr: Hvernig stendur til að manna þessi pláss? Hver á að sinna þessum samfélagsþegnum síðustu mánuði og ár æfi sinnar?

Hjúkrunarráð hefur bent á þessa ógn sem stafar af hjúkrunarfræðingaskorti í mörg ár. Nú stöndum við frammi fyrir vandanum. Skilningur stjórnvalda á þessum vanda hefur virst mjög takmarkaður, má þar helst nefna máli okkar til stuðnings núgildandi gerðadóm frá 2015. Eins og við var að búast hefur atgervisflótti aukist og heimtur nýtskrifaðra hjúkrunarfræðinga á Landspítalann er í sögulegu lágmarki. Hjúkrunarráð, Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga bauð forsvarmönnum ráðuneyta nýrrar ríkisstjórnar á málþing þeim til upplýsinga um alvarleika málsins. Fjármálaráðuneyti tók enga ábyrgð á þessum málaflokki og þáði ekki boðið með þeim skilaboðum að þetta vandamál eigi ekki heima á þeirra borði. Enginn kom frá menntamálaráðuneyti.

Hver ber ábyrgðina á mönnunarvanda hjúkrunar sem við stöndum frammi fyrir á Landspítalanum í dag? Framkvæmdastjórn spítalans hefur spennt bogann eins hátt og fjárhagslegt svigrúm leyfir og ýmsar leiðir hafa verið farnar til að auka löðun og nýliðun. Ljóst er að auka þarf fjármagn til mannauðsmála spítalans .

Greining á vandanum liggur fyrir frá; Landspítala, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stjórn hjúkrunarráðs skorar á ríkisstjórn að kynna sér þau gögn. Uppbygging heilbrigðiskerfisins byggir á þverfaglegri samvinnu þar sem hjúkrunarfræðingar gegna veigamiklu hlutverki og verður því ekki að veruleika án þeirra.

Mönnunarvandi hjúkrunarfræðinga er ekki einkamál Landspítala, heldur samfélagsleg ábyrgð.

Brýn þörf er á aðgerðaráætlun af hálfu stjórnvalda.

Með kveðju,



Guðríður Kristín Þórðardóttir

Formaður hjúkrunarráðs Landspítala

Afrit sent til:

Ástu Bjarnadóttur, framkvæmdastjóra mannauðssviðs Landspítala

Guðbjargar Pálsdóttur, formanns Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Helgu Jónsdóttur, deildarforseta Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands

Páls Matthíassonar, forstjóra Landspítala

Sigríðar Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar Landspítala